

Fréttabréf

Hestamannafélagsins

Skugga



Fréttir frá stjórn:

Stjórnin hefur fundað nokkuð stíft á undanförunum vikum, eftir dvala sumars og hausts. Unnið hefur verið að því að koma nefndum af stað fyrir starfsemi vetrarins, ásamt því að huga að starfinu fyrir félagið almennt. Haldnir hafa verið fundir með nefndum og fulltrúa okkar í bygginga- nefnd reiðhallarinnar. Það er mikið kappsmál fyrir okkur í Skugga að sem fyrst verði hægt að hefja starfið í reiðhöllinni og er það von okkar að ekki líði á löngu þar til draumur okkar rætist um fullbúna reiðhöll og öfluga starfsemi þar, í samstarfi við aðra eigendur reiðhallarinnar. Fréttir frá nefndunum er að finna á síðum þessa fréttabréfs og kennir þar ýmissa grasa og óhætt að segja að fjölbreytt starfsemi er í gangi í félaginu og spennandi viðburðir framundan.

Útgáfa þessa fréttabréfs er að sjálfsgöðu mikilvægur liður í

að halda hinum almenna félagsmanni upplýstum um starfsemiina hverju sinni og erum við í stjórninni vel meðvituð um þá kröfu félagsanna og vonumst við til að geta bætt úr því enn frekar á næstunni. Unnið hefur verið við uppsetningu nýrrar heimasíðu fyrir félagið og vantar bara herslumuninn á að það komist í gagnið.

Slóðin inná heimasíðuna er: www.skuggi.info

Félagar eru hvattir til að kynna sér heimasíðuna og jafnframt að senda inn athugasemdir, fréttir og fróðleiksmola á netfangið: helgi@borgarbyggd.is

Það styttist í lok þessa starfsárs hjá stjórn og nefndum, en fyrirhugað er að aðalfundur verði haldinn í febrúar n.k., svo sem kveðið er á um í lögum félagsins. Félagar eru hvattir til að hafa samband við stjórnarmenn ef þeir hafa

áhuga á að koma að starfseminni með þátttöku í stjórn og nefndum félagsins.

Að lokum vill stjórnin nota tækifærið og senda félögum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

Stjórn Skugga skipa:

Stefán Logi Haraldsson, form.
Sími: 617 5310,
stefan@bmvala.is

Marteinn Valdimarsson, varaform.
Sími: 860 9004,
marteinn@loftorka.is

Halldóra Jónasdóttir, ritari
Sími: 865 1052,
jonas003@gmail.com

Arnar Már Gíslason, gjaldkeri
Sími: 896 2611,
ag@borgarplast.is

Margrét Grétarsdóttir, meðstj.
Sími: 437 1159,
storphofdi@simnet.is

Varastjórn: Halldór Sigurðsson og Helgi Helgason

Fjórðungsmót hestamanna á Vesturlandi 2009

Ákveðið hefur verið að halda Fjórðungsmót hestamanna á Vesturlandi, á Kaldármelum, fyrstu vikuna í júlí 2009. Gert er ráð fyrir að fimm félög standi að rekstri mótsins: Dreyri, Faxi, Skuggi, Snæfellingur og Gláður.

Fulltrúar þessara félaga hafa nú þegar haldið fjóra formlega fundi um mótið, þar af einn með hrossaæktarráðunaut B.Í.

Öllum hestamannafélögum á svæðinu frá Kollafirði í suðri að Siglufirði í norðri, hefur verið boðin þátttaka í mótinu. Þessi félög eru: Adam, Kinnskær, Stormur, Hending, Þytur, Neisti, Snarfari, Stígandi, Léttfeti, Svaði og Glæsir.

Því geta 16 félög með 2.263 félagsmenn tekið þátt í mótinu. Samkvæmt þeim svörum sem borist hafa er líklegt að mikill meirihluti þeirra muni verða með þátttakendur. T.d. er vitað að stór hópur Skagfirðing er þegar farinn að undirbúa komu sína á mótið, ríðandi.

Ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti þátttökuréttur verður, fjölda hrossa í gæðinga- og unlingaflokkum, né heldur fyrirkomulag keppni eða sýninga kynbótahrossa. Væntanlega verður tekin ákvörðun um þessi atriði á næstu vikum.

Leitað hefur verið eftir því að fá reynda stjórnendur stórmóta til að taka að sér störf á mótinu og

við undirbúning þess.

Hestamannaf. Snæfellingur mun annast undirbúning mótsvæðisins og fá til þess stuðning frá fjársterkum aðilum innan sinna raða.

Gerð hefur verð lausleg áætlun um störf sem inna þarf af hendi á mótinu og áætlað er að unnin verði í sjálfbodavinnu. Þetta eru um 50 störf, ýmissa stjórnenda, ritara og fleiri.

Fulltrúi Skugga í framkvæmda- nefnd mótsins verður Ámundi Sigurðsson.

Fjölmennum á fjórðungsmót Vesturlands 2009.
.../MV

Þetta helst...

- > Styttist í Reiðhöllina Vindási
- > Nýir reiðvegir
- > Fræðslustarfið farið í gang fyrir börnin og unglingana
- > Bikarmót í nýju höllinni
- > Fjórðungsmót á Kaldármelum, í byrjun júlí 2009
- > Áformaður fundur með eigendum hesthúsa við Vindási
- > Smölun úr haustbeit
- > Skótuveisla í félagsheimilinu á Þorláksmessu
- > Húsnefnd félagsheimilisins
- > Vinna við deiliskipulag hesthúsaþverfisins
- > Ný heimasíða

Þjarni teymir undir framtíðar- hestamanni, sumarið 2008



Fréttir frá nefndum:

Frá Barna- og unglinga- 2
nefnd

Frá Móta- valla- og 2
fræðslunefnd

Frá Reiðveganefnd 3

Frá Umhverfisnefnd 3

Frá Beitarnefnd 3

Frá Skemmtinefnd 4

Frá bygginganefnd 4
reiðhallarinnar



Frá Barna- og unglínganefnd:

Barna- og unglínganefnd er komin á fullt skrið við að skipuleggja starf sitt fyrir veturinn.

Þann 27. nóvember s.l. var haldinn fundur fyrir börnin, unglíngana og foreldra þeirra.

Á fundinum mætti Birna á Stað og var hún með kynningu á knapamerkinu og kennslu í kringum það. Einnig var rætt um markviss reiðnámskeið eða kennslu í kringum hestana og hvort áhugi væri á reglulegum æfingátímum, svo sem

tíðkast í öðrum íþróttagreinum.

Tilkoma reiðhallarinnar gerir slíkar áætlanir mögulegar og rúmlega það. Mæting á fundinum hefði mátt vera betri, en vafalaust spilaði veður inni mætingu og eins hve tímalega þetta er haldið og fáir komnir með hesta á hús.

Nefndin hefur verið í sambandi við önnur hestamannafélög á Vesturlandi um samstarf milli félaganna um starfið í kringum börnin og unglíngana, efla kynni og vináttu á milli þeirra.

Vel hefur verið tekið í þessar hugmyndir og áætlað að funda fljótlega um þetta. Væntanlega mun verða haft samband við börnin og unglíngana á næstunni og kannað með áhuga þeirra á þessum málum.

Nefndin hvetur börnin, unglíngana og foreldra að vera dugleg að hafa samband, ef einhverjar óskir eru um aðkomu nefndarinnar að áhugaverðum verkefnum, ...ÁS/HJ

Ný húsnefnd fyrir félagsheimilið við Vindás

Ákveðið var á stjórnarfundum hjá Skugga, í s.l. mánuði, að skipa húsnefnd fyrir félagsheimilið okkar sem hafi með höndum umsjón með rekstri og notkun félagsheimilisins. Í nefndina voru valdir: Arnar Már Gíslason, form. Guðjón Guðlaugsson og Bjarni Guðjónsson.

Eins og allir félagsmenn vita er félagsheimilið okkar nú komið nokkuð til ára sinna og þarfnast orðið viðgerðar og viðhalds.

Það er vilji stjórnar og húsnefndarinnar að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir á næstunni, td. mála, taka í gegn klósettin og fríska uppá eldhúsið.

Þar sem verið er að nota félagsheimilið til ýmissa funda og skemmtana þá er ljóst að húsið þarf að komast í það horf að það geti verið félaginu til sóma.

Félagið hefur verið að leigja húsið til félagsmanna og annara sem um það hafa sótt

og er vilji til að sá háttur verið hafður á áfram.

Þeir sem hafa áhuga á að leigja félagsheimilið þurfa að sækja um það til húsnefndarinnar.

Einnig vill húsnefndin biðja þær nefndir sem halda sína fundi í húsinu að láta húsnefndina vita svo fundir og aðrar uppkomur skarist ekki.

.../AMG

Frá Móta- valla- og fræðslunefnd:

Mótahald:

Mótanefndin hefur að mörgu að hyggja fyrir komandi vertíð og mun tilkoma reiðhallarinnar auka mjög á möguleika félagsins til mótahalds og tengdra viðburða.

Nefndin hefur í hyggju að standa fyrir bikarmótum í febrúar, mars og apríl, n.k., í reiðhöllinni góðu.

Þá hefur verið ákveðið með dagsetningu á árlega firmakeppni félagsins og mun hún verða haldin 25. apríl 2009.

Einnig eru áform uppi um að Skuggi haldi opið íþróttamót og hefur verið stefnt á dagsetninguna 9. maí 2009, fyrir það mót.

Þá er stefnt að því að halda gæðingamót þann 23. maí 2009, sem jafnframt verði úrtaka fyrir fjórðungsmótið á Kaldármelum, sem halda á í fyrstu vikunni í júlí 2009, svo sem nánar má sjá fjallað um á forsíðu fréttabréfsins.

Fleiri mót hafa ekki verið fyrirhuguð að sinni, en þó er ekki útséð með það.

Fræðslustarf:

Nefndin áformar að í febrúar mánuði n.k. verði haldinn fræðslufundur, um víska þætti hestamennskunnar, fyrir félagsmenn okkar.

Þá hefur nefndin sett stefnuna á að í apríl n.k. verði haldið reiðnámskeið, ef áhugi og þátttaka er fyrir hendi, hjá félagsmönnum. .../HH/HS

Frá reiðveganefnd:

Unnið hefur verið að ýmsum verkefnum á árinu. Gerð var áætlun um lagningu nær 12 km nýrra reiðvega á þessu og næstu árum (2008-2011). Kostnaður er áætlaður 37,5 millj. kr. Áætlun þessi fylgdi umsókn til L.H. um reiðvegafé. 900.000 kr. fengust til framkvæmda á þessu ári.

Aflað var heimildar stjórnar Prestsetrasjóðs fyrir lagningu reiðvegar í landi Borgar með Háflslæk upp að Einkunum. Ef til vill verður sú heimild ekki notuð, þar sem hugsanlegt er að tekið verði upp samstarf við Kristján Óskarsson, frá Tungulæk um lagningu reiðvegar Tungulækjarmegin við Háflslæk, en hann hefur þegar lagt um 900 mtr. veg upp með læknum.

Proskahjálpi á Vesturlandi, eigandi Holts, hefur heimilað lagningu reiðvegar þvert yfir land Holts frá Bjarnhólum að heimreiðinni að Lækjarkoti. Lega vegarins hefur verið ákveðin í samráði við Skógræktarfélag Vesturlands, sem er leigjandi landsins. Stefna nefndarinnar er að leggja þennan reiðveg á næsta ári.

Frá Umhverfisnefnd:

Umhverfisnefnd hefur fundað nokkuð að undanfögnu og þar hefur helst verið hugað að umhverfi hesthúsahverfisins og aðstöðu á svæðinu. Nefndin fundaði á dögnum með tæknideild Borgarbyggðar, vegna vinnu við

Frá Beitarnefnd:

Starfsemi beitarnefndar hefur verið með hefðbundnu sniði á þessu ári og hefur nefndin séð um skipulagningu og úthlutun beitarhólfa til félaga. Stjórn Skugga gekk frá nýjum leigusamningi um beitiland við Borgarbyggð, í sumar og er sá samningur víðtækari en fyrri samningur. Í samningnum er m.a. kveðið á um að ekki eigi að sleppa í beitarhólf fyrir 10. júní ár hvert, þó með undantekningu

Kallaðir voru til sjálfbóðaliðar í vor og reiðvegurinn niður með flugvelli grjóthreinsaður. Einnig var í vor farið með grjótmulningsvél yfir leiðina frá Einkunum að Skilkletti. Í framhaldi af því valtaði Benedikt Línadal veginn í sjálfbóðavinnu.

Um mánaðarmótin október – nóvember, s.l., var reiðvegur frá hesthúsahverfinu að Bjarnhólum lagfærður, ræsi stækkuð og borð ofan í úrrennsli og víðar.

Lagður var um 1.100 m nýr reiðvegur frá Hamarslæknum að læk, sem rennur vestan geymslulóðar Loftorku. Með þessari framkvæmd er búið að gera færna hring “Bjarnhólahring” sem er um 4 km að lengd. Leyfi fékks til að taka efni í veginn á svæðinu. Heildarkostnað við þessar framkvæmdir má áætla nær 2 millj.kr.

Benedikt Línadal og Guðjón Guðlaugsson lögðu til vinnu og vélar til verksins. Einnig lögðu fram vinnu þau Arnar Gíslason og Guðrúnur Hlíf Sigfúsdóttir, sem annaðist veitingar fyrir þá sem að verkinu unnu.

Þetta framlag þeirra má meta um þriðjung alls kosntaðar við

verkið. Þetta sjálfbóðastarf er félaginu mjög mikils virði og er hér með þakkað. Áætlað er að girða með þessum nýja reiðvegi í maí n.k. og þess vænst að félagar geri það í sjálfbóðavinnu.

Skipulag Borgarbyggjar er í endurskoðun og hefur formaður nefndarinnar unnið með Landlínunum að undanfögnu í þeim tilgangi að tryggja að nýjar reiðleiðir og gamlar verði færðar inn á skipulagið.

Fyrir skömmu var haldinn sameiginlegur fundur reiðveganefnda Faxe og Skugga. Á þann fund kom einnig Ágúst Haraldsson starfsmaður VR. Tilgangur fundarinnar var einkum að tryggja að reiðvegum verði haldið til haga í skipulagi Borgarbyggðar. Hestamenn eru hvattir til að fylgjast með þegar skipulagið verður kynnt og auglýst og standa vörð um reiðvegi í byggðalaginu.

Ítrekaðar eru þakkir til þeirra sem hafa lagt til vinnu og vélar til verkefna á vegum reiðveganefndar Skugga. Þessi vinna er félaginu og öllum hestamönnum, sem mannvirkin nota, mikils virði.
.../MV

nýtt deiliskipulag fyrir félagssvæðið við Vindás. Það skipulag verður tilbúið fljótlega eftir áramótin. Vill nefndin hér með hvetja félagsmenn til að kynna sér þetta skipulag þegar það verður kynnt.

Þá vill nefndin hvetja félagsmenn og hesthúseigendur til að taka vel til í kringum húsin sín svo það verði sómi af fyrir okkur hestamenn.

.../BG

sumar en fyrirhugað að klára hann á næsta ári. Alls voru það 43 félagsmenn sem fengu úthlutað beitarhólfum, fyrir um 230 hross.

Beitarnefnd hefur ákveðið að laugardaginn 27. des. n.k., kl.11:00 verði haustbeitin smöluð og eru þeir sem eiga hross í haustbeit beðnir um að mæta á þeim tíma uppvið Borgargirðinguna og taka þátt í smöluninni.
.../SLH/ÓP

Árgangur 1, tölublað 1

Tilkynningar!

Frá Beitarnefnd:
Smöluð á haustbeitarhólfum fer fram laugardaginn 27. desember n.k., kl. 11:00. Þeir sem eiga hross í haustbeit mæti þá við Borgargirðinguna

Frá Rafmagnsnefnd:

Lesið verður á rafmagnsmæla í hesthúsunum um áramótin og reikningar sendir út í framhaldi af því.

Frá stjórn:

Félagsmenn í Skugga eru hvattir til að hafa samband við stjórn ef þeir luma á góðum hugmyndum fyrir starfið, eða vilja koma á framfæri ábendingum um eitthvað sem betur má fara.

Frá húsnefnd félagsheimilis:

Nýskipuð húsnefnd sér um útleigu á félagsheimilinu og er félögum og nefndum félagsins bent á að hafa samband í tíma, ef þeir hafa óskir um að nýta sér húsnaðið, til afnota eða leigu.



Skötuveisla á Þorláksmessu

Frá Skemmtinefnd:

Skemmtinefnd Skugga hefur ákveðið að standa fyrir skötuveislu í félagsheimilinu Vindási, þriðjudaginn 23. desember n.k., kl. 18:00, fyrir félagsmenn og aðra góða gesti. Verði stillt í hóf.

Pantanir þurfa að berast, fyrir 21. desember n.k., til: Sígga í síma 897 2171, eða Magga í síma 660 2440.

Allir velkomnir!

Ný heimasíða:
www.skuggi.info

Senda fréttir á:
helgi@borgarbyggd.is



Ábyrgðarmadur fréttabréfs:
Stefán Logi Haraldsson

Fundur með eigendum hesthúsa á Vindássvæðinu

Stjórn Skugga hefur ákveðið að efna til fundar með öllum eigendum hesthúsa á Vindássvæðinu. Áformað er að fundurinn verði haldinn fyrir lok janúar n.k. Þetta var samþykkt á fundi stjórnar þann 30. nóvember s.l., en tilgangur þessa fundar verður fyrst og fremst að ræða hagsmunamál húseigenda í hverfinu og jafnframt að kanna áhuga á stofnun hesthúseigendafélags á svæðinu.


Þau hagsmunamál sem stjórnin hefur í einhverju mæli haft til umræðu undanfarið og snúa mest að hesthúseigendum eru t.d. rafmagns- umhverfis- og umgengnismálin, ásamt skipulagsmálum og reglum sem fylgja ber, hverju sinni.

Rafmagnssjóður er til staðar, sem sér um rekstur og dreifingu á rafmagninu í hverfinu, eins og félagsmenn vita og telur stjórnin rétt að rætt sé um framtíðarskipan þeirra mála, m.a.

.../SLH

Drösending frá stjórn:

Félagar eru hvattir til að senda upplýsingar um ný- eða breytt netföng hjá sér á:
helgi@borgarbyggd.is



Fréttir frá bygginganefnd reiðhallar:

Reiðhöllin

Nú er reiðhöllin komin undir þak eins og allir vita og sjá raunar.

Verktakar hafa lokið sínum umsömdu verkefnum fyrir nokkru og næst er að ganga til þess verks að gera hana tilbúna til notkunar.

Næstu skref eru að fara að vinna innanhúss. Það sem hefur hamlað verki núna síðustu vikur er það að ekki hefur legið fyrir hvernig aflagi skuli fjár til þess að koma því áfram. Ástandið í fjármálaheiminum og verðbólgan hafa gert okkur erfitt fyrir og verðbætur og fjármagnskostnaður á byggingartíma orðinn mikill. Kostnaður við verkið er kominn í 95 millj. og þar af eru um 9 millj. í verðbætur og fjármagnskostnað.

Nú er vonandi að birta eitthvað til þannig að verkinu fari að miða áfram með það að markmiði að höllin komist í notkun eins fljótt og verða má á nýju ári.

Ýmsir verkþættir framundan eru mannfrekir og eins og allir vita vinna margar hendur létt verk. Því verður leitað til félagsmanna um vinnuframlag svo minnka megi beinan útlagðan kostnað við bygginguna. Eins eru fjárfraðlög vel þegin ef einhverjir vilja koma með þeim hætti að verkinu.

Sjálfboðavinna Skuggafélaga verður síðan metin inn í eignarhluta Skugga.

Þessir verkþættir sem um ræðir eru mestmegnis

smíðavinna, hringvöllurinn, áhorfendapallar, ásamt afgreiðslu og salernum. Raflagnir eru síðan stór verkþáttur í framkvæmdinni.

Hesthús er sett á „hold“ núna til að byrja með ásamt ýmsum öðrum fullnaðarfrágangi.

Það er von mín að vel takist til með þennan áfanga svo við megum njóta reiðhallarinnar í leik og starfi í vetur. Þetta verður ekki auðvelt en sem fyrr veltur allt á því að við stöndum saman að verkefnum.

Stjórn reiðhallarinnar Vindási ehf óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi tímamótaárs.

.../Kristján Gíslason

